



Ný launa- könnun



- Mikið um góða blaðamennsku
- Rök dómnefndar
- Verðlaunamyndirnar 2007

Blaðamanna- verðlaun 2007



- Er kannski svoltil Pollyanna í mér
- Orlofsíbúð í Kaupmannahöfn
- Félagatal

Yfirskrift ráðstefnunnar var Flögmólar og kynbáttarðómur og umræsa um just-alegum tíðindaveikkyr fjöðla í þjóðfélags- og félagslífi. Þinn yfirskriftar-anna rann að límiðum fyrri að en engla í félagslífi og tryggja þess flytjum og öllum minniháttum vafur gefar mátt undir hönd og öðrum félags- hópum. Annar minni að límiðum gegndu aðhaldshverki gnavart síjörnvöldum fyrir þad innviðenda eins og annarra í félagsþópa

-Tjáníngarfrelsi er ekki frekar en önnuð af þessum markana. Þannig segir dómstóllinn í þessum sama dóm um áæli um að blaðamaðurinn hafi verið þessum blaðamaður að frásögn síðri gegn 10. grein Mannréttindaráttála Eyrinnu ma önnur veigamen sjónarmíðu egi við. Slíkar takmarkaðar athugun. Í Goda trú á þessum dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 10. grein sátt-



EFNI BLAÐSINS



Blaðamannaverðlaun

- 4** Jóhannes Tómasson:
Mikið um góða blaðamennsku
- 5** Tilnefningar dómnefndar:
Blaðamannaverðlaun 2007
- 7** Rök dómnefndar blaðamanna-
verðlauna 2007

Verðlaunamyndir

- 9** Verðlaunamyndirnar 2007

Umræðan

- 16** Kristján Már Unnarsson:
Er kannski svolítill Pollýanna í mér

Félagið

- 22** Arna Schram:
Meðaltal heildarlauna
400 þúsund á mánuði
- 25** Bí með orlofsíbúð
í Kaupmannahöfn
- 26** Félagsgjöld lækka í 0,9%
- 29** Félagaskrá Bí

Útgefandi: Blaðamannfélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Birgir Guðmundsson (birgirg@unak.is).

Prófarkalestur: Haraldur Bjarnason

Útlitshönnun: Ásprent

Prentun: Ásprent

Skrifstofa Blaðamannafélagsins

er í Síðumúla 23, 108 Reykjavík. Sími 553-9155

Bréfsími 553-9177

Netfang **bi@press.is**

Heimasíða Bí **www.press.is**

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 9.30-15.00.

Starfsmenn Bí eru Hjálmar Jónsson, framkvæmdastjóri og Svanhildur Karlsdóttir, bókarí.



Forsíðumyndin

Teikningin á forsíðu er eftir Birgittu Sif Jónsdóttur, sem starfar nú um stundir við útlitsteikningu í Bandaríkjunum.

Lifandi félag

Kaup og kjör blaðamanna

Blaðamenn hafa notið talsverðs launaskriðs síðustu misseri. Samkvæmt launakönnun, sem gerð var í vetur og birt er hér í blaðinu, hafa laun hækkað talsvert umfram samningsbundnar hækkanir á síðustu tveimur árum. Sé miðað við launakönnun sem gerð var árið 2005 og er sambærileg við þá könnun sem gerð var í vetur, þá hafa grunnlaun hækkað úr 292 þúsundum árið 2005 í 371 þúsund árið 2007 eða um rúm 27%. Þetta er umtalsverð hækkan og sýnir ásamt fjölgun félaga, sem nú eru orðnir vel á sjöunda hundraðið, að umtalsverð gróska hefur verið í fjölmiðlun á þessum tíma. Kjaramál blaðamanna skipta miklu máli enda mikilvæg forsenda þess að hæft fólk komi til liðs við og haldist í stéttinni en freistist ekki til að hverfa á vit annarra starfa sem e.t.v. gefa meira af sér efnahagslega. Fjölmiðlun er vandasamur starfsvettvangur og gríðarlega mikilvæg fyrir samfélagið og því brýnt að þangað veljist sem bestir og hæfastir starfskraftar.

Það er ánægjulegt að geta lesið út úr launatölum að grunnlaunin hafi hækkað meira hjá þeim, sem eru í lægri þrepum launastigans, en hjá þeim sem eru í þeim hærrí. Þannig hafa grunnlaun þeirra, sem eru í lægsta fjórðungi launastigans hækkað um rúm 34% á meðan grunnlaunin hjá þeim, sem eru í efsta fjórðungi launastigans hafa hækkað um rúm 23%. Séu heildarlaunin hins vegar skoðuð sést að þeir, sem eru í efsta fjórðungnum, hafa hækkað nokkuð meira en þeir, sem eru í lægsta fjórðungnum. Þannig hefur heldur dregið saman með fólki hvað grunnlaunin varðar, sem hlýtur að teljast jákvætt og í samræmi við yfirlýst markmið, en þegar heildarlaun eru skoðuð hefur launamunur hins vegar heldur verið að aukast innan stéttarinnar. Jafnframt vekur það óneitanlega athygli að umtalsverður launamunur virðist vera á milli kynjanna í blaðamannastétt, þó hann fari vissulega minnkandi. Það munar hvorki meira né minna en 40.000 krónum á meðalgunnlaunum karla og kvenna og nákvæmlega sami munur er til staðar þegar heildarlaunin eru skoðuð. Gögnin heimila ekki að dregnar séu mjög miklar ályktanir af þessu og ugglaustr má skýra eitthvað af þessum mun út frá öðru en kyni. Hins vegar er svo mikill munur áhyggjuefni og gæti verið vísbending um mjög mikinn og víðtæk-an kynbundinn launamun hjá blaðamönnum.

Framundan eru kjarasamningar. Þrátt fyrir nokkrar launahækkanir umfram það sem samningsbundið var er ljóst að blaðamenn eru ekki ofsælir af sínum launum, enda kemur í ljós að þeir eru almennt ekki mjög ánægðir með þau. Það er því mjög mikilvægt að forustumenn félagsins á vettvangi samningamála haldi djarfir fram raunhæfum kröfum sem tryggja að blaðamenn uppskeri í samræmi við mikilvægi þeirra starfa sem þeir vinna. Þjóðfélagið þarf á góðum blaðamönnum að halda og það er jafnframt lífsnauðsynlegt fyrir fjölmiðlana sjálfa, sem eru að upplifa harðari og víðtækari samkeppni en oftast áður. Til þess að svo geti orðið verða blaðamenn að vera sáttir við kaup sitt og almenn kjör. Hér fara því saman hagsmunir blaðamanna, útgefenda og þjóðfélagsins alls.

Kjarabætur geta raunar verið með ýmsu móti og Blaðamannafélagið er hvort tveggja í senn stéttafélag og fagfélag. Félagið mun nú á aðalfundi afgreiða tillögu um lagabreytingar, sem m.a. fela í sér lækkan félagsgjalda – lækkan sem í flestum tilfellum mun hafa í för með sér mikla lækkan fyrir félagsmenn. Sérstök ástæða er til að fagna því að staða Blaðamannafélagsins sé nú í svo góðu standi að tillaga af þessu tagi sé möguleg. Slíkt ber vott um góðan rekstur og öfluga starfsemi.

Birgir Guðmundsson

Stjórn BÍ:

Arna Schram, formaður
Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, varaformaður
Arndís Þorgeirsdóttir, gjaldkeri
Sigurður Már Jónsson, ritari
Svavar Halldórsson
Elva Björk Sverrisdóttir
Svanborg Sigmarisdóttir

Varamenn:

Albert Örn Eypórssón
Sólveig Bergmann
Þorvaldur Örn Kristmundsson

Samningaráð:

Arna Schram, Þóra Kristín Ásgeirsdóttir,
Hjálmar Jónsson, Mbl., Lilly Valgerður Pétursdóttir,
Svanborg Sigmarisdóttir, Ásta Andrésdóttir,
og Þorvaldur Ö. Kristmundsson

Varamenn:

Egill Ólafsson, Fríða Björnsdóttir,
og Jakob Bjarnar Grétarsson

Dómnefnd Blaðamannaverðlauna:

Birgir Guðmundsson formaður, Kristín Þorsteinsdóttir,
Jóhannes Tómasson, Lúðvík Geirsson,
og Sigríður Árnadóttir

Stjórn Styrktarsjóðs:

Hjálmar Jónsson, Arndís Þorgeirsdóttir,
Lilly Valgerður Pétursdóttir

Varamenn:

Fríða Björnsdóttir, Guðni Einarsson,
Eiríkur St. Eiríksson

Trúnaðarmenn á helstu vinnustöðum

Morgunblaðið:

Guðni Einarsson, Kristín Heiða Kristinsdóttir
og Hjálmar Jónsson

Fréttablaðið:

Klemens Ólafur Þrastarson

DV:

Kolbeinn Þorsteinsson

Stöð 2 og Vísir:

Lilly Valgerður Pétursdóttir og
Gunnar Reynir Valþórsson

Viðskiptablaðið:

Guðjón Guðmundsson

24 stundir:

Albert Örn Eypórssón

Birtingur:

Ásta Andrésdóttir

Orlofs- og menningarsjóður:

Fríða Björnsdóttir, formaður
Hilmar Karlsson, varaformaður
Lúðvík Geirsson, ritari

Varamaður:

Guðmundur Sv. Hermannsson

Endurskoðendur:

Sigtryggur Sigtryggsson
Sigurður Hreiðar Hreiðarsson

Siðanefnd:

Kristinn Hallgrímsson, lögm., formaður
Hjörtur Gíslason, blm., varaformaður
Sigurveig Jónsdóttir, fyrrv. fréttastjóri
Brynhildur Ólafsdóttir, fulltrúi útgefenda
Salvör Nordal, fulltrúi Siðanefndar H.Í.

Varamenn eru:

Jóhannes Tómasson
Valgerður Jóhannsdóttir
Þór Jónsson

Mikið um góða blaðamennsku

Ávarp Jóhannesar Tómassonar f.h. dómnefndar við afhendingu verðlaunanna

Góðir félagar og gestir

Blaðamannaverðlaunin eru nú veitt í 5. sinn. Þótt verðlaunin séu fremur ung að árum má segja að ákveðin festa sé að færast yfir framkvæmdina og þó einkum og sér í lagi yfir tilnefningaferlið.

Formaður verðlaunanevndar, Birgir Guðmundsson, „lenti í því“ að þurfa að vera í útlöndum þessa helgi og getur því ekki haft orð fyrir dómnefndinni. Ábyrgð hans er samt sem áður nokkur því auk þess sem hann bar hitann og þungann af starfinu lét hann okkur eftir drög að ávarpi áður en hann fór, sem við hin höfum svo reynt að botna.

Og við hin, sem sagt aðrir í verðlaunanevndinni, erum: Kristín Þorsteinsdóttir, Lúdvík Geirsson, Sigríður Árnadóttir og Jóhannes Tómasson.

Tilnefningarnar til dómnefndar hlupu að þessu sinni á mörgum tugum og voru þær flestar vel ígrundaðar. Það var því mikið af góðri blaðamennsku í pottinum.

Tilnefningarnar voru vel ígrundaðar og rökstuddar og lítið bar á því sem við getum kallað „vinsældakosninga-tilnefningar“ frá almenningi, en þær voru nokkuð áberandi framan af. Þetta er ótvírætt til marks um að eðli verðlaunanna er að verða skýrara í hugum fólks. Þetta eru ekki vinsældaverðlaun, heldur verðlaun þar sem reynt er að meta gæði og fagmennsku blaðamennsku okkar.

Vönduð blaðamennska er ekki endilega vinsæl og jafnvel ekki mjög áberandi í amstri dagsins, þó að hún geti vissulega verið það. Miklu mikilvægara einkenni á slíkrri blaðamennsku er að hún skiptir máli fyrir samfélagið, fyrir umræðuna og að hún sé unnin undir viðurkenndum og eftirsóknarverðum faglegum formerkjum, for-



Jóhannes Tómasson hafði orð fyrir dómnefndinni.

merkjum sem meðal annars krefjast þess að hún sé sett fram á áhuga-verðan og lifandi hátt.

Þetta má líka orða sem svo að samfara ígrundaðri tilnefningum hefur ábendingum um góða blaðamennsku fjölgað og gert störf dómnefndarinnar vandasamari en um leið ánægjulegri. Það er mjög margt gott í íslenskrri blaðamennsku í dag.

Þeirri hugmynd var hreyft við þetta tækifæri í fyrra, að hugsanlega kynni að vera gagnlegt að breyta flokkaröðun verðlaunanna og jafnvel fjölga flokkum til þess að ná betur utan um hina fjölbreyttu flóru sem fjölmiðlun er í dag. Fyrir því var ekki hlómgrunnur á aðalfundi. Dómnefndin ræddi það hins vegar á fundum sínum að nokkrar af tilnefningum hefðu getað fallið í flokk sem kalla mætti skúbb ársins, en um það var þó ekki að ræða.

Mat á því hvað skuli teljast góð blaðamennska er viðvarandi vanda-mál og á að vera það.

Það ár sem nú er til skoðunar hjá verðlaunanevndinni er einmitt afmælis-ár Blaðamannafélagsins, sem fagnaði 110 ára afmæli. Félagið gaf í tilefni afmælisins út bók þar sem rætt var við handhafa blaðamannaskírteina frá 1-10. Flestir voru þar spurðir um gæði blaðamennsku og hverjar fyrirmyndir þeirra væru. Svörin voru mjög ólík.

Þó má segja að flestir hafi tekið nokkuð undir það sjónarmið sem fram kom hjá Gísla J. Ástþórssyni, að mikilvægasti blaðamaðurinn væri sá ósýnilegi, sá sem vinnur verk sín hljóður, af heilindum og samvisskusemi, því þar væri hornsteinn allrar blaðamennsku. Óhjákvæmilega verður hinn ósýnilegi blaðamaður þó stundum sýnilegur enda miðlarnir ólíkir en blaðamanna-verðlaunin eru beinlínis hugsuð til þess að benda á þá sem lítið hefur borið á.

Við getum eflaust skilgreint góða blaðamennsku á margan hátt. Hún snýst að miklu leyti um mat. Annars vegar um mat á hvað við teljum eiga erindi til almennings og hins vegar mat á því hvernig við matreiðum efnið. Hér reynir á hugmyndauggi og innsæi og blaðamenn þurfa að búa yfir þekkingu á fjölmörgum sviðum, kunna að beita henni til að afla upplýsinga og hafa helst fullkomið vald á íslensku máli til að geta sett fram það sem máli skiptir og þannig að það skiljist.

Góðir gestir.

Við tilkynnum hér á eftir hverjir eru verðlaunaðir í flokkunum þremur. Ég ítreka að allir tilnefndir þykja hafa sýnt fagleg vinnubrögð. Svo var einnig um fjölmarga sem ekki eru tilnefndir og því var úr vöndu að ráða hjá nefndinni. En þessi varð niðurstaðan og við væntum þess að verðlaunaveitingin verði félagsmönnum áfram hvatning til góðra verka.

Gleðilega hátíð.

Blaðamanna verðlaun 2007

Tilnefningar dómnefndar

Blaðamannaverðlaun ársins 2007

Kristján Már Unnarsson, Stöð 2, fyrir upplýsandi fréttir úr hversdagslífi á landsbyggðinni þar sem hann á látlausan en áhrifaríkan hátt varpaði ljósi á ýmsar þær þjóðfélagsbreytingar sem eru að verða á íslensku samfélagi.

Pétur Blöndal, Morgunblaðinu, fyrir fréttaskýringu og umfjöllun um eitt stærsta fréttamál ársins, sem var REI-málið og ýmsar pólitískar hliðar þess.

Óli Kristján Ármannsson, Fréttablaðinu, fyrir aðgengileg og upplýsandi skrif um efnahagsmál og viðskipti.

Besta umfjöllun ársins 2007

Jóhannes Kr. Kristjánsson og Kristinn Hrafnsson, Stöð 2, fyrir umfjöllun í Kompási um byssur á svörtum markaði á Íslandi, um ástandið í Írak og um heilablóðfall.

Baldur Arnarson, Morgunblaðinu, fyrir fræðandi og áhrifaríka röð fréttu og fréttaskýringu um svifryk, áhrif svifryksmengunar og hvað sé helst til ráða til að sporna við henni.

Kristín Sigurðardóttir, Fréttastofu Útvarpsins, fyrir röð fréttu um gjaldtöku bankanna vegna svokallaðs „fit-kostnaðar“, sem hafði mikil áhrif í þjóðfélaginu.

Rannsóknarblaðamennska ársins 2007

Ritstjórn DV, Sigurjón M. Egilsson, Valur Grettisson, Anna Kristine Magnúsdóttir, Sigtryggur Ari Jóhannsson, Hjördís Rut Sigurjónsdóttir, Valgeir Örn Ragnarsson, Jakobína Davíðsdóttir og Kristján Hrafn Guðmundsson, fyrir umfjöllun sína um meðferð barna og unglinga í Breiðavík og á öðrum vistheimilum ríkisins.

Þóra Tómasdóttir og Sigmar Guðmundsson, Sjóntvarpinu, fyrir umfjöllun sína í Kastljósi um meðferð og örlög drengja sem vistaðir voru á uppeldisheimilinu í Breiðavík.

Svarar Hávarðsson, Fréttablaðinu, fyrir viðtæk fréttaskrif og góða eftirfylgd um sjóðryggi á siglingaleiðum við Suður- og Suðvesturland.



Handhafar blaðamannaverðlaunanna 2007.

Mynd: -sbs



Mæðgur á myndasýningu. Birna Ketilsdóttir og Arna Schram.



Sigurjón M. Egilsson fyrrum ritstjóri DV með verðlaunagrip DV.



Á sýningunni Myndir ársins. Gunnar Birgisson og Eggert Jóhannesson ljósmyndari sem átti mynd ársins.



Sigmar Guðmundsson og Þóra Tómasdóttir með verðlaunagrip Kastljóss.



Dórnefndarmennirnir Lúðvík Geirsson og Jóhannes Tómasson ásamt Örnur Schram formanni B.Í.
Myndir: -sbs

Rök dómnefndar Bláðamannaverðlauna 2007

Dómnefnd Bláðamannaverðlauna Bláðamannafélagsins tilkynnti niðurstöðu sína þann 23. febrúar sl. en veitt voru verðlaun í þremur flokkum þar sem valið var úr alls 9 tilnefningum. Tilnefningarnar voru kynntar fyrir viku. Kristján Már Unnarsson, Stöð 2 fékk Bláðamannaverðlaun ársins 2007. Verðlaun fyrir bestu umfjöllun ársins 2007 fóru til þeirra Jóhannesar Kr. Kristjánssonar og Kristins Hrafnssonar í Kompási. Sameiginlega fengu ritstjórn DV annars vegar og hins vegar Sigmar Guðmundsson og Þóra Tómasdóttir í Kastljósi verðlaun fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins 2007. Er það í fyrsta sinn í fimm ára sögu verðlaunanna að blaðamenn á tveimur ritstjórnnum deila með sér verðlaunum.

Í dómnefnd sátu: Birgir Guðmundsson, formaður, Jóhannes Tómasson, Kristín Þorsteinsdóttir, Lúðvík Geirsson og Sigríður Árnadóttir.

Rök dómnefndar vegna Bláðamannaverðlauna 2007 Bláðamannaverðlaun ársins 2007

Kristján Már Unnarsson, Stöð 2, fyrir upplýsandi fréttir úr hversdagslífi á landsbyggðinni þar sem hann á látlausan en áhrifaríkan hátt varpaði ljósi á ýmsar þær þjóðfélagsbreytingar sem eru að verða á íslensku samfélagi.

Um árabíl hefur Kristján Már Unnarsson sagt fréttir af daglegu lífi og umhverfi fólks um allt land. Hann hefur haft sérstakt lag á því að finna frétt næma atburði, ekki síst á landsbyggðinni, mál sem jafnvel hafa blasað við en þá fyrst orðið áhugaverð fyrir alla landsmenn þegar Kristján hefur dregið þau fram og þar með bent á mikilvægi þeirra. Þetta hefur Kristján gert á látlausan og alþýðlegan hátt. Gott dæmi um þetta er fréttasýrpa Kristjáns Mús um mannlíf á Norðausturlandi og sömuleiðis umfjöllun hans um virkjanir og mannvirki fyrir austan. Þannig hefur Kristján af innsæi og skilningi stuðlað að sterkari samfélagsvitund landsmanna allra þar sem fólk í ólíkum landshlutum fær mikilvægar upplýsingar um samfélagsbreytingar, mannlíf og skoðanir annars staðar á landinu.

Besta umfjöllun ársins 2007

Jóhannes Kr. Kristjánsson og Kristinn Hrafnsson, Stöð 2, fyrir umfjöllun í Kompási um byssur á svörtum markaði á Íslandi, um ástandið í Írak og um heilablóðfall og heilablæðingu.

Fréttaskýringaþátturinn Kompás hefur sett mark sitt með áberandi hætti á þjóðfélagssumræðuna á undanförunum misserum og svo var einnig á árinu 2007. Tilefni umfjöllunar

þeirra Jóhannesar Kr. Kristjánssonar og Kristins Hrafnssonar um aðgengi að byssum á Íslandi var harmleikur þar sem margir áttu um sárt að binda og almenningur í landinu var sem steini lostinn. Þeim tókst að fylgja þessu vandasama máli eftir á skeleggan hátt og leiddu fram fjölmargar markverðar upplýsingar sem skipta miklu fyrir samfélagssumræðuna. Umfjöllun þeirra, hvors í sínu lagi, á vettvangi Kompás um Írak annars vegar og heilablóðfall og heilablæðingu hins vegar eru síðan dæmi um sömu eiginleika. Þeir brutu land að því leyti að lítið eða ekki hafði verið um málin fjallað áður í fjölmiðlum á sambærilegan hátt. Þeim tókst að gæða málin lífi og gera þau áhugaverð.

Rannsóknarblaðamennska ársins 2007

*Tvær af tilnefningunum í þessum flokki deila með sér verðlauninum í ár. Annars vegar **ritstjórn DV, Sigurjón M. Egilsson, Valur Grettisson, Anna Kristine Magnúsdóttir, Sigtryggur Ari Jóhannsson, Hjördís Rut Sigurjónsdóttir, Valgeir Örn Ragnarsson, Jakobína Davíðsdóttir og Kristján Hrafn Guðmundsson**, fyrir umfjöllun sína um meðferð barna og unglina í Breiðavík og á öðrum vistheimilum ríkisins. Hins vegar **Þóra Tómasdóttir og Sigmar Guðmundsson, Sjónvarpinu**, fyrir umfjöllun sína í Kastljósi um meðferð og örlög drengja sem vistaðir voru á uppeldisheimilinu í Breiðavík.*

Breiðavíkurmálið og málefni fleiri vistheimila á vegum hins opinbera voru fyrirferðamikil í þjóðfélagssumræðunni á síðasta ári. Í umfjöllun um þessi mál var rífið ofan af gömlum sárum sem ekki höfðu náð að gróa með eðlilegum hætti í þögn undanfarinna áratuga. Þetta voru vandasöm mál þar sem mörgum steinum var velt við. Framganga fulltrúa kerfisins var leidd fram í dagsljósið og leitast var við að draga fram viðhorf og reynslu einstaklinganna sem í hlut áttu. Umræðan varð til þess að sett var á laggirnar sérstök nefnd á vegum stjórnvalda til þess að fara ofan í málið. Tveir miðlar tóku forustuna í þessari umfjöllun, DV og Kastljós. DV hóf umfjöllunina um málið og fylgdi því rækilega eftir. Fjallaði blaðið m.a. um obeldið sem börnin máttu búa við og ástæður og afleiðingar þess að þau voru vistuð á stofnunum. Sama er að segja um rannsókn og umfjöllun Kastljóss sem fjallaði um málið á margvíslegan hátt, m.a. með áhrifaríkum, erfiðum en nauðsynlegum viðtölum við Breiðavíkurdrengina sjálfa. Þessir ólíku fjölmiðlar fjölluðu á sannfærandi hátt um málið, ljósvakinn annars vegar og prentmiðillinn hins vegar. Að baki lá mikil heimildavinna sem svipti hulunni af viðkvæmu leyndarmáli.



Aðalfundur BÍ 2008



**Mánudaginn 14. apríl
kl. 20:00 í Síðumúla 23**

Aðalfundur Bláamannafélags Íslands árið 2008 verður haldinn mánudaginn 14. apríl nk. í húsnæði félagsins að Síðumúla 23 og hefst fundurinn stundvíslega kl. 20:00.

Dagskrá fundarins

Venjuleg aðalfundarstörf
Skýrslur frá starfsnefndum
Kosningar
Lagabreytingar
Önnur mál

**BÍ-félagar eru hvattir
til að mæta**



Verðlaunamyndirnar 2007



Mynd ársins



Gunnar Birgisson bæjarstjóri hélt upp á sextugsafmæli sitt í Glæðheimum, reiðhöll Gusts í Kópavogi, 29. september.

Ljósmyndari:

Eggert Jóhannesson



Álit dómnefndar:

Pessi mynd skemmtir ekki bara áhorfandanum heldur vekur upp spurningar. Fyndnar myndir eru ekki á hverju strái og sláandi pólitísk mynd er enn sjaldgæfari.



Fréttamynd ársins



Nokkurra tuga metra breið aurskriða féll á þjóðveginn um Kollafjörð aðfaranótt 13. september. Rúta með tæplega 60 manns innanborðs lenti á henni klukkan fjögur um nóttina, líklega fljótlega eftir að hún féll, og stöðvaðist uppi á eðjubingnum. Meiðsli á fólki voru minniháttar.



Álit dómnefndar:

Morgunblaðsins er með á nótunum. Hér hefur fagmaður verið á harðahlaupum til að mynda óvæntan fréttaviðburð. Í dag er sjaldgæft að ná að grípa slíkt augnablik og því á þessi mynd svo sannarlega skilin verðlaun í sínum flokki.

Ljósmyndari:
Júliús Sigurjónsson

Þjóðlegasta mynd ársins

Ljósmyndari:
Júliús Sigurjónsson



Álit dómnefndar:

AÐEINS á Íslandi sér maður lögreglustjóra, Stefán Eiríksson, brosmildan á bar á jólnum, heilsa vel þekktum afbrotamanni, Sævari Ciesielski.

Í ársbyrjun 2007 var lögregluumdæmum í landinu fækkað úr 26 í 15. Stefán Eiríksson er lögreglustjóri í nýju lögregluumdæmi höfuðborgarsvæðisins sem nær yfir Reykjavík, Seltjarnarnes, Mosfellsbæ, Kjósarhrepp, Kópavog, Garðabæ, Hafnarfjörð og Álftanes. Hann fór í eftirlitsgöngu um Reykjavík ásamt Steinþóri Hilmarsyni lögregluvarðstjóra til að kynna sér aðstæður og heilsa upp á borgarana.

Umhverfismynd ársins



Á ferð.

Ljósmyndari:

Eyþór Arnason



Álit dómnefndar:

Landslagsljósmyndun á Íslandi sem og almenningur þarf svo sannarlega á nýrri og ferskri sýn að halda. Þessi mynd er gott dæmi þess, snjöll og næm í senn. Kaldhæðnin er sú að svona sjáum við oft landslagið okkar í dag, þokukennt og óljóst út um glugga bíls á fleygiferð.

Tímaritamynd ársins



Ljósmyndari:

Hörður Sveinsson

Álit dómnefndar:

Mikið unnar myndir eru mjög áberandi í íslenskum tímaritum í dag. Þetta er gott dæmi sem sameinar viðfangsefnið og frumlega stafræna myndtækni og tekst vel til. Vonandi verða skýrari línur dregnar á milli auglýsingaljósmyndunar og tímaritaljósmyndunar í framtíðinni.

Tónlistarmaðurinn Mugison heldur uppi heiðri vestfirskrar menningar.





Portrettmynd ársins



Sigurður Árni Sigurðsson myndlistamaður.

Ljósmyndari:

Valgarður Gíslason



Álit dómnefndar:

Frumlegt og óvenjulegt portrett af Sigurði Árna, listamanni.

Íþróttamynd ársins

Ljósmyndari:

Kristinn Magnússon



Álit dómnefndar:

Gífurleg áreynsla í heimi íþróttana leynir sér ekki og er hér fönguð á kraftmikinn hátt. Það sem ekki sést á myndinni blasir í raun við manni og undirstrikar á áhrifamikinn hátt hið mikla keppnisskap og viljastyrk.

Orri Geirsson kraftlyftingamaður gefur allt til að ná réttstöðulyftunni.



Daglegt líf



Ljósmyndari:

Vilhelm Gunnarsson

Tvö þúsund vatnsbyssu-eigendur felldu heimsmet í vatnsbyssuslag á landsmóti UMFÍ í Kópavogi í júlí.

Álit dómnefndar:

Frábær mynd sem sýnir mikla gleði og fögnuð. Eftir að hafa skoðað yfir 1000 myndir þá er ljóst að íslensk fréttablöð virðast ekki hafa mikinn áhuga á að mynda daglegt líf. Mögulega eru ljósmyndararnir ófúsir að senda myndir í þennan flokk.



Ljósmyndari:

Eggert Jóhannesson



Álit dómnefndar:


Þessi mynd skemmtir ekki bara áhorfandanum heldur vekur upp spurningar.

Fyndnar myndir eru ekki á hverju strái og sláandi pólitísk myndin mynd er enn sjaldgæfari.

Gunnar Birgisson bæjarstjóri hélt upp á sextugsafmæli sitt í Glæðheimum, reiðhöll Gusts í Kópavogi, 29. september.

Skoplegasta mynd ársins





Ljósmyndari:
Brynjar Gunnarsson

Myndröð ársins

Álit dómnefndar:

66°12'97"N er verðug heimild í yfirstandandi skráningu lífs í íslenskum þorpum á 21.öld. Vonandi að fréttablöð og tímarit á Íslandi veiti sögum sem þessari stuðning.



Í mörgum íslenskum sjávarþorpum eru innflytjendur næstum helmingur íbúanna og oft meirihluti vinnufærs fólks. Flestir innflytjendanna eru Pólverjar sem setjast að í þorpunum vegna þess að húsnæði þar er ódýrt og vegna þess að þeir bera umtalsvert meira úr bítum en í heimalandinu. Anna kom til Íslands 6. mars 1998 og Jarek í september sama ár. Í Póllandi lærði Anna viðskiptafræði en Jarek er úr sveit. Þau kynntust á Suðureyri. Anna er í fæðingarorlofi og hugsar um soninn Piotr. Þar sem Jarek vinnur við beitningu og hefur sveigjanlegan vinnutíma á hann auðvelt með að vera heima og gæta sonarins á meðan Anna sinnir erindum. Fyrir eiga þau soninn Pawel sem er í leikskóla. Annað foreldra að minnsta kosti helmings barnanna á leikskólunum er af erlendum uppruna.



Orlofshús

Blaðamannafélags Íslands



Sumarhús í Brekku og á Akureyri

Umsóknarfrestur um sumarhús B.Í. skulu hafa borist skrifstofu félagsins í síðasta lagi **fimmtudaginn 18. apríl**. Sendið umsóknir í tölvupósti á bi@press.is, eða með *símbréfi* 553 9177. Nánari upplýsingar á skrifstofu B.Í., Síðumúla 23, sími 553 9155.

Alltaf hagstæð leiga

Vikugjald fyrir fullgilda félagi í B.Í. verður kr. 13.000 í Litlu-Brekku og kr. 18.000 fyrir Stóru-Brekku og á Akureyri. Gjaldið greiðist við staðfestingu úthlutunar. (Heimilt er að greiða með Visa/Euro.)

Stóra-Brekka

Skipti fara fram á föstudögum kl. 17.

1. vika 30. maí – 6. júní
2. vika 6. júní – 13. júní
3. vika 13. júní – 20. júní
4. vika 20. júní – 27. júní
5. vika 27. júní – 4. júlí
6. vika 4. júlí – 11. júlí
7. vika 11. júlí – 18. júlí
8. vika 18. júlí – 25. júlí
9. vika 25. júlí – 1. ágúst
10. vika 1. ágúst – 8. ágúst
11. vika 8. ágúst – 15. ágúst
12. vika 15. ágúst – 22. ágúst
13. vika 22. ágúst – 29. ágúst
14. vika 29. ágúst – 5. sept.

Nafn: _____

1. vika _____ 2. vika _____

3. vika _____ 4. vika _____

Litla-Brekka

Skipti fara fram á föstudögum kl. 17.

1. vika 30. maí – 6. júní
2. vika 6. júní – 13. júní
3. vika 13. júní – 20. júní
4. vika 20. júní – 27. júní
5. vika 27. júní – 4. júlí
6. vika 4. júlí – 11. júlí
7. vika 11. júlí – 18. júlí
8. vika 18. júlí – 25. júlí
9. vika 25. júlí – 1. ágúst
10. vika 1. ágúst – 8. ágúst
11. vika 8. ágúst – 15. ágúst
12. vika 15. ágúst – 22. ágúst
13. vika 22. ágúst – 29. ágúst
14. vika 29. ágúst – 5. sept.

Nafn: _____

1. vika _____ 2. vika _____

3. vika _____ 4. vika _____

Akureyri

Skipti fara fram á föstudögum kl. 17.

1. vika 30. maí – 6. júní
2. vika 6. júní – 13. júní
3. vika 13. júní – 20. júní
4. vika 20. júní – 27. júní
5. vika 27. júní – 4. júlí
6. vika 4. júlí – 11. júlí
7. vika 11. júlí – 18. júlí
8. vika 18. júlí – 25. júlí
9. vika 25. júlí – 1. ágúst
10. vika 1. ágúst – 8. ágúst
11. vika 8. ágúst – 15. ágúst
12. vika 15. ágúst – 22. ágúst
13. vika 22. ágúst – 29. ágúst
14. vika 29. ágúst – 5. sept.

Nafn: _____

1. vika _____ 2. vika _____

3. vika _____ 4. vika _____

Nefnið fleiri en eina viku til þess að auðvelda úthlutun!

Athugið að heitir pottar eru komnir við báða bústaðina í Brekku og gestahús við Stóru-Brekku og þess vegna er leigan hærri þar.

Kristján Már Unnarsson á Stöð 2 fékk blaðamannaverðlaunin 2008 fyrir syrpu fréttu af Norðausturlandi:

Er kannski svolítill Pollýanna í mér

„Þessi eilífa spurning, hvernig geta fréttamenn verið hlutlausir, blasir kannski við í fréttum eins og ég hef flutt af landsbyggðinni. Þessi vandi blasir við öllum blaðamönnum sem fjalla um sitt eigið samfélag. Ættu þeir þá ekki að tel-

ast vanhæfir? Þeir eru jú hluti af samfélaginu. Hvað yrði þá eftir til að fjalla um? Þótt fréttamaðurinn sé ekki beint að flíka sínum eigin skoðunum þá er hann að taka afstöðu bara með því einu að ákveða að fjalla um eitthvert tiltekið mál,“ segir Kristján Már Unnarsson fréttamaður á Stöð 2.

Blaðamannaverðlaunin fyrir árið 2008 voru afhent á dögnum. Fjöl margar tilnefningar bárust dómnefnd sem ákvað að veita Kristjáni Má Unnarssyni Blaðamannaverðlaunin fyrir árið 2007 fyrir syrpu fréttu um mannlíf á Norðausturlandi. Í rökstuðningi nefndarinnar segir að í tímans rás hafi Kristján „... haft sérstakt lag á því að finna fréttæma atburði ekki síst á landsbyggðinni, mál sem jafnvel hafa blasað við en þá fyrst orðið áhugaverð fyrir alla landsmenn þegar Kristján hefur dregið þau fram og þar með bent á mikilvægi þeirra,“ segir dómnefndin sem telur þessar fréttir, hafa



Á fyrstu árunum í blaðamennskunni. Kristján Már við flugvél sína TF-TWO vestur á Gjögri þangað sem hann flug eftir myndum, sem þurfti í blaðið næsta dag.

„Ég komst við á þessari stundu, sá fyrir mér að þarna hafi einhvertímann verið fullt hús af fjörmiklum börnum.“

stuðlað að sterkari samfélagsvitund þar sem fólk í ólíkum landslutum fær upplýsingar um samfélagsbreytingar, mannlíf og skoðanir annars staðar á landinu.

Nú var allt galtómt

Fréttasyrpa Kristjáns Má af Norðausturlandi birtist sjónvarpsáhorfendum í október á síðasta ári. „Aðdrag-

andinn að þessari ferð var skammur. Við fréttum að sýslumaður hyggðist bjóða upp fiskvinnsluhús Gunnólfs á Bakkafirði. Við flugum austur á Egilsstaði að morgni og héldum akandi rakiðis til Vopnafjarðar, þangað sem við Sigurjón Ólason kvikmyndatökumaður komum um ellefu leytið. Við tókum fjölda myndskaiða á leiðinni og nokkur viðtöl, svo sem við bændur, sveitarstjórnann á Vopnafirði og starfsfólk í fiskvinnsluhúsi þar. Við mættum svo upp úr hádegi á nauðungaruppbóð á Bakkafirði. Það var ömurleg upplifun. Að sjá eignir, sem væru mörg hundruð milljóna króna virði á höfuðborgarsvæðinu, slegnar hæstbjóðanda fyrir slíkk. Við héldum svo niður á bryggju og ræddum við heimafólk, hittum tælenskan trillusjómann, ókum út í sveit og þar hittum við pólskan sauðfjárbónda og annan bónda sem nýtti rekavið úr fjörunni við byggingu íbúðarhúss. Við náðum loks flugi frá Egilsstöðum til Reykjavíkur um kvöldið. Þá tók við nánari upplýsingaöflun, grafíkvinnsla, klipping og önnur úrvinnsla efnis næstu daga og vikur á eftir. Eftirtekjan úr þessu tólf stunda ferðalagi var í það heila talið, alls um tuttugu eftirminnilegar fréttir sem er svo fáránlega mikið að ég hef varla viljað tala um það.“

Kristján segir reynslu úr svona fréttiferðum vissulega sitja í sér. „Að fylgjast með sýslumanni í eldhúsinu bjóða upp æskuheimili framkvæmdastjórnans á Bakkafirði, hús sem eitt sinn var með veglegustu íbúðarhúsum á Norðausturlandi, það reynist verðlaust. Ég komst við á þessari stundu, sá fyrir mér að þarna hafi einhvern tímann verið fullt hús af fjörmiklum börnum sem ærsluðust um eldhúsið og stigana. Nú var allt galtómt og eyðingin blasti við. Og svona var um annað hvert hús í þorpinu og sveitinni í kring því helmingur íbúanna hefur flust brott á áratug, frá verðlausum eignum.“

Landið þitt og Öldin okkar

Kristján Már Unnarsson er fæddur í Reykjavík árið 1959. Foreldrar hans eru Unnar Stefánsson, lengi ritstjóri Sveitarstjórnarmála, og María Ólafsdóttir, sem um árabíl var prófarkalesari á DV. Segist Kristján í gegnum foreldra sína því hafa kynnst blaðamennsku og sömuleiðis hafi ræturnar út á land verið sterkar.



Á Reykjavíkurlflugvelli með Jóhanni rísa úr Svarfaðardal, sem þarna var á leiðinni til dvalar á heimaslóðum sínum nyrðra eftir áralangt starf í fjölleikahúsum vestanhafs.

„Ákvörðun um að halda mig við blaðamenskuna tók ég í átta þúsund feta hæð yfir Vestfjörðum í lítilli Cessnu-flugvél.“

„Faðir minn er fæddur austur í Neskaupstað en ólst upp í Hveragerði, þar sem afi og amma voru meðal frumbyggja. Þegar ég man fyrst eftir mér var Hveragerði lítið sveitaþorp og þar var ég mikið á æskuárum. Móðir mín er fædd og

uppallinn á Þingeyri og fjölskyldan reyndi að fara að reglulega vestur í Dýrafjörð og þar var kannski dvalið í viku eða hálfan mánuð í senn á sumrin. Annars get ég rakið ættir mínar í flesta landshluta og sjálfur er ég ofurlítið upp með mér af því að vera í gegnum móðurömmu mína af hinni frægu Skarðsætt í Dalasýslu en Skarðsverjar eru sá ættbogi á Íslandi sem hefur sennilega komist næst því að verða aðall. Áttu, þegar best lét, á tímum Ólafar ríku, um 500 jarðir um land allt en einkum við Breiðafjörð, Djúp og á Ströndum,” segir Kristján, sem segir þælingar um Íslandssöguna og fróðleik um land og þjóð snemma hafa heillað sig.

„Sem strákur las ég Árbækur Ferðafélagsins, Landið þitt og Öldina okkar. Þetta hefur sjálf sagt mótað mig og kannski ráðið einhverju um það sem síðar hefur orðið.“

Tvítugur fljúgandi fréttamaður

Fólk kemur til starfa í blaðamennsku eftir ýmsum leiðum; sumir af ásetningu en aðrir nánast fyrir tilviljun. „Ég ætlaði að verða flugmaður, en hafði fleira í huga, eins og laga-nám. Setti síðan stefnu á flugið en þurfti auðvitað að safna flugtímum svo ég gæti orðið atvinnuflugmaður og velti fyrir

hvernig ég gæti borgað flugnámið. Sá þá bráðsniðugan leik í stöðunni og fór til Jónasar Kristjánssonar ritstjóra og reifaði fyrir honum hugmyndina um fljúgandi fréttamann, enda lagði Dagblaðið mikið upp úr umfjöllun um landsbyggðina sem aftur átti stóran þátt í vinsældum þess. Ég var þá þegar kominn með annan fótinn inn á blaðið því ég hafði um nokkurn tíma skrifað íþróttafréttir í lausamennsku samhliða námi. Það bar þannig til að ég iðkaði blak á þessum árum en fannst eitthvað lítið fjallað um íþróttina. Því varð úr að einn daginn labbaði ég niður í Síðumúla og talaði við Hall Símónarson og Sigurð Sverrisson sem voru í

„Heilu sveitirnar hafa nánast verið að leggjast í eyði án þess að fjölmiðlar hafi tekið eftir því.“

íþróttafréttunum og bauðst til að skrifa um blak. Þeir félagar tóku mér fagnandi. Í ljósi þessarar reynslu minnar og meðmæla Halls Símónarsonar gekk Jónas

að tilboðinu um fljúgandi fréttamann og réði mig til starfa, þótt ég væri bara tvítugur og nýskriðinn úr menntaskóla,” segir Kristján Már sem næstu árin fór fljúgandi vítt og breitt um landið í fréttaoðflun fyrir Dagblaðið og síðar DV; meðal annars norður í Mývatnssveit í Kröflugos. Segist þarna hafa fundið sína fjöl en draumar um atvinnuflug dvínuðu.

„Ákvörðun um að halda mig við blaðamenskuna tók ég í átta þúsund feta hæð yfir Vestfjörðum í lítilli Cessnu-



Íslenskir blaðamenn með forseta Íslands í opinberri heimsókn í Noregi haustið 1981. Frá vinstri talið: Fríða Proppé Morgunblaðinu, Þráinn Hallgrímsson Alþýðublaðinu, Jón Einar Guðjónsson þá starfsmaður einkarekinnar útvarpsstöðvar í Osló, Vigdís Finnbogadóttir, Álfheiður Ingadóttir Þjóðviljanum, Gunnar V. Andrússon, Vísi, Kristján Már Unnarsson, Dagblaðinu, Gunnar Elisson Þjóðviljanum, Friðrik Indriðason Tímanum og Atli Rúnar Halldórsson Útvarpinu.



Á vettvangi. Kristján Már ræðir við Sigurð Arnalds talsmann Káraknjúkvirkjunar þegar byrjað var að fylla Hálslón.

flugvél sem ég átti hluti í, og þar sem ég horfði yfir Breiðafjörðinn. Ég stóð á krossgötum, var búinn að safna nægilegum flugtíma fyrir atvinnuflugmannsprófið, en var búinn að eiga frábæran tíma í blaðamenskunni, hafði farið vítt og breitt um landið að afla fréttu, var í spennandi verkefnum og stöðugt að hitta áhugavert fólk. Ég ferðaðist til útlanda, meðal annars í opinberar heimsóknir með Vigdísí Finnbogadóttur þar sem ég hitti fólk sem ég hefði ekki getað ímyndað mér að ég ætti eftir að mæta á lífsleiðinni, eins og Ólaf Noregskonug, Gro Harlem Brundtland, Thorbjörn Egner og Olof Palme. Þarna satt að segja félaði ég blaðamenskuna í botn.“

Sárasta þjóðfélagsbreytingin

Í rökstuðningi dómefndar blaðamannaverðlaunanna voru meðal annars nefndar fréttir Kristjáns Márs af stórframkvæmdum á Austurlandi, sem hann fjallaði mikið um. Hann segir þá fréttadóflun hafa verið mjög minnisstæða.

„Ég kom oft austur í Neskaupstað á árunum fyrir 1980 til að spila blak og þá var þetta 1.800 manna bær. Síðan fjarðaði smám saman undan samfélaginu af því unga fólkið hafði ekki að neinu að hverfa þegar námi lauk. Þegar ég fór svo

austur á land vorið 2003, þegar stóriðju- og virkjunarframkvæmdir voru að hefjast, kvaðst bæjarstjórnin í Fjarðabyggð binda vonir við að þessar framkvæmdir með nýjum atvinnutækifærum leiddu til þess að Norðfirðingum fjölgaði úr 1.300 í 1.500. Þessar tölur slógu mig. Ég get líka nefnt að á árunum í kringum 1980 – þegar landsbyggðin var í hvað mestum blóma – var Patreksfjörður 1.000 manna byggðarlag þar sem voru tvö frystihús, mjólkurstöð, sparisjóður, bankaútibú, nokkrar verslanir, áætlunarflug og fleira. Í dag er flest af þessu farið og Patreksfirðingar eru í dag ekki nema um 600 talsins og þar af stór hluti íbúanna fólk sem er komið á eða yfir miðjan aldur,“ segir Kristján sem rennur til rifja að sjá landsbyggðinni blæða út.

„Mér finnst óskaplega sárt að sjá þessa miklu hnignun. Þetta er í mínum huga einhver sárasta þjóðfélagsbreytingin sem hefur átt sér stað og ég sagti fréttir af, á þeim 28 árum sem ég hef verið í blaðamensku. Út frá mælikvarða fréttamensku er þessi samfélagsbreyting að mínu mati ein stærsta fréttin þá tíð sem ég hef verið í faginu. Þegar maður skilgreinir hvað sé frétt þá má almennt segja að þegar breytingar verða í umhverfi okkar, þá sé það frétt. Blaðamönnum hættir gjarnan til að telja breytingu varla



Kristján Már Unnarsson hefur starfað í blaðmennsku í 28 ár. Fyrstu árin á Dagblaðinu og DV, en síðustu tuttugu árin á Stöð 2.

frétt nema hún gerist í einni hraðri skriðu. Þarna er breyting sem gerist sem hægfara þróun – sé lítið yfir eitt ár – en ef tölur eru skoðaðar milli áratuga er þetta skriða og það risastór. Á henni eru ótal hliðar og mannlegir fletir, sem við höfum að mörgu leyti vanrækt að sinna. Heilu sveitirnar hafa nánast verið að leggjast í eyði án þess að fjölmiðlar hafi tekið eftir því.“

Ný kynslóð borgarbarna

Í gegnum áralangt starf sitt sem blaðamaður, fyrst á Dagblaðinu og DV, og á fréttastofu Stöðvar 2 síðustu tuttugu árin, hefur Kristján öðlast sambönd við fólk vítt og breitt um landið sem oft hefur samband þegar og ef eitthvað frétt næmt gerist. Hann segist reyna að sinna þessum ábendingum, eins og tók leyfa, en stundum sé ekki auðvelt að sannfæra vinnufélagana á fréttafundum dagsins um að fréttir séu handan við hæðina.

„Ég man þá tíð að blankheitin hér á fréttastofunni voru slík að okkur var nánast bannað að fara út fyrir bæjar-mörkin, enda kostaði slíkt bæði mannskap og peninga. En

á móti kemur að þessar fréttir vekja gjarnan mikla athygli, eru sjónvarpsvænar, og áhorfendur eru þakklátir, ekki aðeins landsbyggðarfólkið heldur ekki síður sá stóri hópur höfuðborgarbúa sem á rætur úti á landi. Það sem ég hef hins vegar verulegar áhyggjur af, er að í dag er kominn til starfa á fjölmiðlum – og raunar víðar – ný kynslóð borgarbarna sem lætur sig mannlíf og málefni úti á landi engu varða. Það skelfir mig að fjöldi fólks virðist þeirrar skoðunar að það sé allt í lagi að landsbyggðin verði einskonar Árbæjarsafn. Ísland hefur verið að breytast hratt í borgríki þar sem tveir þriðju hlutar þjóðarinnar búa nú þegar á höfuðborgarsvæðinu. Ég held að íslenska samfélagið yrði í senn fjölbreyttara og áhugaverðara ef byggðin væri betur dreifð um landið. Flóttinn mikli af landsbyggðinni virðist hins vegar ekkert á undanhaldi.“

Kraftaverk á hverjum degi

Í auglýsingasamfélagi nútímans er jákvæð ímynd fyrir-tækja, byggðarlaga og annarra, afar mikilvæg. Fréttamenn þekkja flestir baráttu við þá sem eiga hagsmuna að gæta í

því sambandi, þrýsting um að koma ekki með neikvæðar fréttir.

„Ég finn á fréttamönnum úti á landi að þeir eru undir pressu frá sínu heimafólki að mála ekki upp dökka mynd af sinni heimabyggð. Það getur þá kannski verið styrkur að vera Reykvikingur eins og ég þegar fjalla þarf um mál af þessu tagi, sem oft geta verið afar viðkvæm,“ segir Kristján sem telur í þessu sambandi að fréttamönnum sé mikilvægt að staldra stundum við og spyrja sig hvort þeir séu að bregða upp rétttri mynd af þjóðfélaginu.

„Kannski er ég svolítill Pollyanna í mér. Ég vil gjarnan líka leita að jákvæðu hliðinni á málum,“ segir Kristján sem minnst árána upp úr 1990 þegar efnahagslægd, kvótasamdráttur, fjöldauppsagnir og gjaldþrot voru áberandi í fréttum. „Við vorum með þunglyndisfréttir í þessum dúr í hverjum einasta fréttatíma, dag eftir dag. Svo gerðist það einhvern daginn að Ingvi Hrafn Jónsson, sem þá var fréttastjóri, barði hnefanum í borðið og sagði að við værum ekki að segja sannleikann. Meginþorri fyrirtækja í landinu væri í góðum rekstri og á öruggri siglingu. Því yrðum við einnig að segja frá. Þetta varð upphafið að sjónvarpsþáttaröð okkar Karls Garðarssonar, Framlag til framfara, þar sem við sögðum frá fyrirtækjum og einstaklingum sem voru að gera góða hluti: voru í nýsköpun og sókn. Í framhaldinu gerðum við svo þáttaröðina, Hver lífsins þraut, þar sem við yfirfærðum þessa hugmyndafræði á heilbrigðiskerfið. Fréttatímarnir höfðu verið uppfyllir af fréttum um niðurskurð, biðlista og kostnaðarvitund og við sáum bara myndir af sjúklingum liggjandi á göngum sjúkrahúsa. Við spurðum okkur hvort við værum að gefa rétta mynd af íslenska heilbrigðiskerfinu þar sem unnin voru kraftaverk nánast á hverjum degi við að lækna fólk. Við nálguðumst viðfangsefnið út frá einstaklingum, sem hafði verið kippt út úr daglegu lífi vegna alvarlegs sjúksdóms eða slyss og sýndum hvernig hámenntað heilbrigðisstarfsfólk beitti nýjustu aðferðum læknavísindanna til að koma fólki aftur á ról. Þarna slógum við allt annan tón í umræðu um heilbrigðismál. Við gerðum einnig fréttir upp úr þessum þáttum, sem og atvinnumálabáttunum, og ég er ekki frá því að þetta – ásamt öðru – hafi átt sinn þátt í því að umræðan í landinu breyttist.“

Aðhaldið er aðkallandi

Úttektir Kristjáns Más Unnarssonar á íslenska skattkerfinu hafa vakið mikla athygli. Hann hefur raunar tekið skattamálin upp í nokkrum fréttasýrpum, þeirri fyrstu um 2002. Kjarni þessara fréttu var sá að þrátt fyrir að álagningarprósenta tekjuskatts hefði lækkað, hefði skattbyrði ekki lækkað og kæmi þar til að persónuafsláttur hefði ekki haldið í við almenna verðlagsþróun auk þess sem barna- og vaxtabætur og fleiri slíkar ívilnanir hefðu verið skertar. Væri niðurstaðan því sú að skattbyrði almennings hefði aukist, þvert á það sem haldið væri fram.

„Á sama hátt og ég spurði hérna áðan hvort fréttamaður geti verið hlutlaus þegar hann fjallar um sitt eigið samfélag þá á spurningin kannski enn frekar við þegar hann fjallar um skattamál, því hann er jú sjálfur skattþegn í landinu. Skattamálin snerta okkur og hafa áhrif á afkomu hvers einasta manns í landinu. Blaðamaður, sem á börn og er að

koma sér þaki yfir höfuðið, getur tæplega talist hlutlaus þegar hann fjallar um barna- og vaxtabætur. Í þessum fréttum var ég í stöðu gagnrýnandans sem hamaðist á ráðherrum og

„Blaðamaður sem á börn og er að koma sér þaki yfir höfuðið getur tæplega talist hlutlaus þegar hann fjallar um barna- og vaxtabætur.“

ríkisstjórn, og reyndi að sýna fram á að fullyrðingar um skattalækkanir stönguðust á við blákaldar staðreyndir, sem birtust m.a. í tölum OECD um ört hækkanir skattbyrði. Mér fannst hins vegar alveg út í bláinn þegar ég var ásakaður um að vera handbendi Baugs og Samfylkingar eins og gerðist iðulega í umræðu, sem þessum fréttum fylgdu. Grætilegast fannst mér samt þegar flokkar í stjórnarandstöðu, eins og til dæmis Vinstri grænir, trúðu því að skattar hefðu lækkað og lömdu svo á ríkisstjórninni fyrir að lækka skatta. Því er innprentað í flest okkar frá fyrsta degi í blaðamennsku að fjölmiðlarnir hafi mikilvægu hlutverki að gegna við að veita stjórnámálum öllum allra flokka aðhald. Við höfum hins vegar séð það gerast síðastliðinn áratug að áhrif stjórnámálanna á mótun samfélagsins og örlög þegnanna hafa minnkað. Á sama tíma hafa áhrif eigenda og ráðamanna stórfyrirtækja aukist án þess að fjölmiðlarnir hafi að sama skapi snúið sínu gagnrýnis- og eftirlitshlutverki nægilega gagnvart þeim. Það finnst mér vera mest aðkallandi verkefni íslenskra fjölmiðla um þessar mundir, að þeir efli aðhaldshlutverk sitt gagnvart fjármálageiranum og viðskiptalífinu.“

-sbs



Meðaltal heildarlauna 400 þúsund á mánuði



Eftir Örnur Schram formann B.Í.

Meðaltal heildarlauna svarenda í launakönnun Bláðamannafélagsins er 400 þúsund krónur á mánuði. Í könnuninni kom fram að langflestir eða 84,24% svarenda eru á svonefndum fastlaunasamningi. Í sambærilegri könnun sem gerð var árið 2005 kom fram að meðaltal heildarlauna væri 330 þúsund krónur. Þá voru rétt rúmlega 80% svarenda á fastlaunasamningi. Könnunin nú

bendir til þess að laun hafi frá þeim tíma hækkað talsvert umfram samningsbundnar hækkanir.

Könnunin var gerð í nóvember 2007. Spurningar voru sendar með tölvupósti til félagsmanna BÍ, sem starfa hjá 365 miðlum, Morgunblaðinu, Birtingi, Viðskiptablaðinu og 24 stundum. Stærð úrtaksins var 361. Alls 241 svaraði; 147 karlar og 94 konur. Svarhlutfall var því 67%. Fyrirtækið Intell-ecta vann úr svörum.

Svarhlutfallið var nokkuð jafnt milli miðla og nær allir sem svörðu eru í fullri vinnu. Tæplega sextíu prósent svarenda eru almennir blaða- eða fréttamenn, um 5,4% eru vaktstjórar en tæplega 35% eru í öðru ábyrgðar- eða yfirmannastarfi. Vaktstjórar og aðrir þeir, sem gegna ábyrgðar- eða yfirmannastörfum eru á hærri launum en almennir blaða- og fréttamenn og toga þar með heildarlaunin upp, eins og tæpt verður á hér á eftir.

Í könnuninni var spurt um grunnlaun og heildarlaun. Í ljós kom að grunnlaun, þ.e.a.s. laun án yfirvinnu, eru að meðaltali 371 þúsund krónur á mánuði. Grunnlaun kvenna eru að meðaltali 347 þúsund krónur á mánuði en grunnlaun karla eru að meðaltali 387 þúsund krónur á mánuði. Í könnuninni árið 2005 var meðaltal grunnlauna 292 þúsund krónur á mánuði.

Einnig var spurt um heildarlaun, þ.e.a.s. laun með yfirvinnu og öðru, en flestir svarenda eru á fastlaunasamningum. Í ljós kom að heildarlaun eru að meðaltali 400 þúsund krónur á mánuði eins og áður sagði. Í könnuninni 2005 voru meðaltalslaunin 330 þúsund krónur á mánuði. Heildarlaun kvenna eru nú að meðaltali 377 þúsund krónur á mánuði en voru 302 þúsund krónur árið 2005. Heildarlaun karla eru nú að meðaltali 417 þúsund krónur á mánuði en voru 356 þúsund krónur árið 2005.

Kjarakönnun 2007	Grunnlaun, þús. kr.				Heildarlaun, þús. kr.			
	25% mörk	Meðaltal	Miðgildi	75% mörk	25% mörk	Meðaltal	Miðgildi	75% mörk
Allir	295	371	342	420	310	401	380	460
Kyn:								
Karl	300	387	350	440	324	417	399	470
Kona	290	347	328	397	300	377	360	458
Hvaða námi hefur þú lokið?								
Grunnskólaprófi	300	339	313	360	315	421	390	515
Stúdentsprófi	268	372	340	442	295	405	393	500
BA/BS námi	297	360	340	420	304	386	362	450
MA/MS eða lengra námi	321	398	398	436	360	418	408	462
Öðru	307	388	330	410	325	419	360	470
Starfsaldur í blaða- og fréttamennsku:								
Skemur en 1 ár	238	259	264	293	243	254	264	296
1–5 ár	285	323	308	350	290	344	330	380
6–10 ár	310	389	375	458	344	417	399	477
11–15 ár	351	421	410	505	408	470	450	534
16–20 ár	390	472	420	530	400	498	485	534
20 ár eða fleiri	340	413	396	490	358	450	434	510
Ábyrgð:								
Almennur blaða-/fréttamaður	280	319	310	350	296	345	335	400
Vaktstjóri	439	499	480	541	460	517	395	549
Annað ábyrgðar- eða yfirmannsstarf	350	448	425	500	382	478	456	549
Launafyrirkomulag:								
Fastlaunasamningur (föst laun á mán.)	295	378	350	438	301	403	384	468
Grunnlaun og sérstakl. gr. f. yfirv.	283	327	320	350	330	385	380	440

Kjarakönnun 2007 og 2005, samanburður

	Grunnlaun á mánuði, þús. kr.					Heildarlaun á mánuði, þús. kr.												
	25% mörk '07 '05	Meðaltal '07 '05	Breyting	Miðgildi '07 '05	75% mörk '07 '05	25% mörk '07 '05	Meðaltal '07 '05	Breyting	Miðgildi '07 '05	75% mörk '07 '05								
Allir Kyn:	295	219	371	292	27,1%	342	265	420	340	310	260	401	330	21,5%	380	327	460	375
Karl	300	237	387	311	24,4%	350	290	440	360	324	275	417	356	17,1%	399	350	470	390
Kona	290	205	347	267	30,0%	328	240	397	330	300	240	377	302	24,8%	360	300	458	345

- **22% hækkun heildarlauna**
- **27% hækkun grunnlauna**
- **Launamunur kynjanna hefur minnkað**
- **Grunnlaun kvenna hafa hækkað um 30%**
- **Fjórðungur með hærri laun en 460 þús.**
- **Fjórðungur með laun undir 310 þús.**
- **85% aðspurðra eru á fastlaunasamningi**
- **15% fá greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu**



Blaðamenn hafa á undanförunum tveimur árum fengið talsverða kjarabót umfram umsamdar launahækkanir. Þeir eru þó ekki ánægðir með laun sín og margir hoppandi stressaðir í vinnunni.

Heildarlaun vaktstjóra eru að meðaltali 517 þúsund krónur á mánuði en meðaltalslaun þeirra, sem eru í öðru ábyrgðar- eða yfirmannastarfi, eru 478 þúsund krónur á mánuði. Heildarlaun almennra blaða- og fréttamanna eru að meðaltali 345 þúsund krónur á mánuði.

Tæplega þrjátíu prósent svarenda vinna að jafnaði innan við tíu yfirvinnutíma á mánuði. Svipað hlutfall eða tæplega þrjátíu prósent vinna að jafnaði 11 til 20 yfirvinnutíma á mánuði. Í kringum tuttugu prósent svarenda vinna að jafnaði 21 til 30 yfirvinnutíma á mánuði. Ríflega tuttugu prósent svarenda vinna meira en það í yfirvinnu á mánuði.

Í könnuninni kom fram að innan við fjörutíu prósent svarenda eru með bílastyrk. Flestir eru með bílastyrk á bilinu fimm til tíu þúsund krónur á mánuði. Um tólf prósent svarenda eru með meira en fimmtán þúsund krónur í bílastyrk á mánuði.

Því lengri starfsaldur því meiri líkur eru á því að blaðamenn finni fyrir mikilli streitu í starfi sínu. Þeir sem eru búnir að vera í blaðamennsku í sextán til 20 ár finna fyrir mestri streitu. Þá finna vaktstjórar og þeir sem eru í

Blaðamenn segja mikla streitu fylgja starfinu

Annar hver blaðamaður í könnun Blaðamannafélagsins segir að mikil streita fylgi starfinu. Ívið fleiri konur en karlar segja að mikil streita fylgi starfinu. Þetta er svipuð niðurstaða og var í sambærilegri könnun félagsins fyrir tíu árum.

Spurt var: Fylgir mikil streita starfi þínu? Um fimm prósent svöruðu:

Mjög eða fremur sjaldan.

Um fimmtán prósent svöruðu:

Kemur fyrir. Um þrjátíu prósent svöruðu: Stundum og fimmtíu prósent svöruðu: Oft. Í sambærilegri könnun BÍ fyrir tíu árum kváðust fjörutíu prósent svarenda oft finna fyrir mikilli streitu í starfinu.

ábyrgðarstörfum fyrir meiri streitu en aðrir. Konur finna líka fyrir ívið meiri streitu en karlar, eins og áður sagði.

Tæplega sjötíu prósent svarenda í könnun Blaðamannafélagsins eru frekar ánægðir eða mjög ánægðir í núverandi starfi. Þetta er svipuð niðurstaða og í sambærilegri könnun fé-

lagsins fyrir tíu árum. Spurt var: Hversu ánægð(ur) ertu í núverandi starfi? Um það bil fimm prósent eru mjög óánægð, um þrettán prósent eru frekar óánægð og um tólf prósent eru hvorki ánægð né óánægð. Um fimmtíu prósent eru frekar ánægð og um tuttugu prósent eru mjög ánægð. Konur eru ívið ánægðari í starfinu en karlarnir. Ánægjan er mest hjá þeim sem hafa stýstan starfsaldur en minnst hjá þeim sem eru búnir að vera 16 til 20 ár í starfi. Ánægjan virðist svo aukast aftur hjá þeim sem hafa verið 20 ára eða lengur í blaðamennsku.

Blaðamenn eru hins vegar ekkert sérlega ánægðir með launin sín. Um 45 prósent svarenda í könnun Blaðamannafélagsins eru mjög óánægðir eða frekar óánægðir með launin. Tæplega þrjátíu prósent segjast hvorki ánægð né óánægð og um tuttugu og fimm prósent segjast frekar ánægð eða mjög ánægð. Konur eru óánægðari með launin en karlarnir.

Í könnunin var spurt hvað leggja ætti áherslu á í komandi kjarasamningum. Flestir nefndu hækkun grunnlauna, næstflestir lengra orlof og þar á eftir kom styttri vinnutími og hækkun lægstu launa.



Orlofsíbúðin glæsilega í Kaupmannahöfn



BÍ með orlofsíbúð í Kaupmannahöfn

